

Kynning á verkefninu Sinfóníuhljómsveit Suðurlands.

Markmið verkefnisins Sinfóníuhljómsveit Suðurlands er að byggja upp grundvöll fyrir starfsemi klassískrar hljómsveitar á Suðurlandi.

Hugmyndasmiður verkefnisins Guðmundur Óli Gunnarsson hljómsveitarstjóri starfaði að uppbyggingu Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá stofnun hennar í 23 ár og byggir starfið á þeirri reynslu sinni.

Ávinningur

Auðgar menningarlíf Suðurlands
Breytir starfsumhverfi tónlistarmanna á Suðurlandi
Eflir starf tónlistarskólanna á Suðurlandi
Eflir samskipti og samvinnu þeirra sem starfa að tónlist á Suðurlandi
Opnar möguleika á samstarfi annarra listgreina á Suðurlandi við klassíska atvinnuhljómsveit
Opnar möguleika á samstarfi við tónlistarmenn víðar að af landsbyggðinni
Bætir ímynd Suðurlands
Bætir sjálfsmynd íbúa Suðurlands
Stuðlar að fjölbreytni í störfum á Suðurlandi

Framkvæmdaáætlun

Kynning verkefnisins
Myndaður hópur áhugafólks um stofnun Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands
Mynduð stjórn Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands
Rekstrarform Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands mótað
Fjármögnun verkefnisins

Stærð hljómsveitarinnar og samsetning hennar fer eftir verkefnum eins og sést á áætlun um verkefni. Fjórtán manna hópur myndar grunnform hljómsveitarinnar en fyrstu árin er stefnt að allt að 35 manna hljómsveit. Raunhæft er að tónlistarfólk á Suðurlandi skipi hljómsveitina að $\frac{3}{4}$ hlutum hverju sinni. Tónlistarmenn verða verkefnaráðnir fyrir hvert verkefni.

Áætlun um verkefni Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands fyrstu 4 árin

Fyrsta ár:	Skóla/fjölskyldu-tónleikar á 3 stöðum; 14 manna hljómsveit og sögumaður Óperutónleikar; 14 manna hljómsveit, 3 einsöngvarar og kór(ar)
Annað ár:	Skóla/fjölskyldu-tónleikar á 4 stöðum 14 manna hljómsveit og sögumaður Klassískir hljómsveitartónleikar; 30 manna hljómsveit og sólisti Tónleikar sniðnir að þátttöku tónlistarnemenda (Pollapönksmódelið)
Þriðja ár:	Skóla/fjölskyldu-tónleikar á 5 stöðum; 14 manna hljómsveit og sögumaður Aðventutónleikar 30 manna hljómsveit, einsöngvarar og kór(ar) Klassískir hljómsveitartónleikar; 35 manna hljómsveit og sólisti
Fjórða ár:	Skóla/fjölskyldu-tónleikar á 6 stöðum; 14 manna hljómsveit og sögumaður Aðventutónleikar 30 manna hljómsveit, einsöngvarar og kór(ar) Klassískir hljómsveitartónleikar; 35 manna hljómsveit og sólisti Tónleikar með rytmísku tónlistarfólki á Suðurlandi; 20 manna hljómsveit

